

óska þess. — Kostnaðinn, sem rís af því að virða upp aptur, greiðir sá, er þess beiðist, nema svo sje, að munurinn á hinni fyrri virðingu, og þeirri, er virt er upp aptur, sje eigi minni en 10 af hundraði; þá skal kostnaðinn greiða af almannafje. **58**
18. maí.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. maí 1878.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Fyrirmynd

fyrir skrá um húseignir þær í kaupstað í sýslu, er settar eru í
skatt samkvæmt lögum um húsaskatt 14. desbr. 1877, árið 18

Nöfn eiganda og heimili.	Hin skatt-skylda húseign.	Virðing-arverð húseign-arinnar.	Þinglýst-ar veð-skuldir, er dragast frá.	Skatt-skyld upphæð.	Skatturinn talinn.		Athugasemdir.
					af	1½ af þúsundi	
					kr.	kr. a.	

Auglýsing.

59
20. maí.

Samkvæmt lögum um kirkjutífund í Reykjavíkur lögsagnarumdæmi 27. febr. þ. á., 3. gr., auglýst hjer með, að gjald þetta, er lagt skal á hús þau, er tryggð eru fyrir eldsvoða, eptir virðingu þeirri, sem gjörð er samkvæmt tilskipan 14. febrúar 1874, 4. og 5. gr., skal leggja á hin hús í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins eptir þeirri virðingu, er gjöra skal á þeim samkvæmt lögum um húsaskatt 14. desember 1877 og reglugjörð landshöfðingja 18. þ. m.

Undir eins og hin almenna virðing, sem fyrir er skipuð í nefndri reglugjörð, er um garð gengin á þessu ári, á þójarfógetinn í Reykjavík að láta fjárhaldsmanni dómkirkjunnar í tje eptirrit af virðingargjörðinni, og á hann síðan tafarlaust að leggja kirkjutíundina á eptir henni og heimta saman gjaldið um fardaga-árið 1878—79 samkvæmt lögum 27. febr. þ. á.

Síðan á þójarfógetinn að skýra fjárhaldsmanni kirkjunnar fyrir 6. júní á hverju ári frá þeim breytingum, er orðið hafa á virðingu þessara húsa frá því árið fyrir. En um virðingu þeirra húsa, sem tryggð eru fyrir eldsvoða, útvegar fjárhaldsmaður dómkirkjunnar sjer þær skýrslur, er á þarf að halda, hjá brunamálastjóranum; og á kirkjutíundin um hvert fardagaár að leggjast á eptir virðingarverði húseignanna í byrjun þess.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. maí 1878.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Fundaskýrslur amtsráðanna.

60
10. marz.

A.

Fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 2. dag júnímánaðar 1877.

Fundurinn var haldinn á Akureyri af forseta ráðsins, amtmanni Christjánsson, með amtsráðsmanni Einari Ásmundssyni og vara-amtsráðsmanni Stefáni Jónssyni.

Til umræðu komu þessi málefni:

1. Voru rannsakaðir sýslusjóðsreikningar fyrir árið 1876 úr Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu, og gjörðar ýmsar athugasemdir við hvern þessara reikninga út af fyrir sig. Sýslusjóðsreikningarnir úr hinum sýslum umdæmisins voru enn eigi komnir til amtsráðsins.

60
10. marz.

2. Rædd og samþykkt tillaga frá bókaverði amtsbókasafnsins á Akureyri um það, hvernig verja skyldi tekjum safnsins á yfirstandanda ári og hverjar bækur kaupa skyldi til safnsins. Sömmuleiðis var rannsakaður reikningur bókasafnsins fyrir árið 1876.
3. Samþykkti amtsráðið, að bæjarfógetinn á Akureyri mætti kaupa ýms áhöld til fanga-hússins þar á staðnum, sem bæjarfógetinn hafði skýrt frá, að vantaði, og beðið um leyfi til að mega kaupa.
4. Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu hafði beðið um samþykki amtsráðsins til að láta gjöra ýmislegt við fangahúsið á Eskifirði, svo sem að mála það, veita vatni frá því og gjöra við grundvöll hússins. Hafði sýslumaðurinn áætlað, að til þessara nauðsynlegru viðgjörða mundi þurfa 82 kr. 66 a., og samþykkti amtsráðið þessa tillögu sýslumannsins.
5. Forseti framlagði brjef dags. 14. febrúar þ. á. frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu, með mörgum fylgiskjölum, um ágreiningsmál úr Vindhælishreppi um gangnatakmark milli Landsendarjettar og Skrapatungurjettar. En með því mál þetta þegar hafði verið útkljáð á fundi amtsráðsins 14. febrúar þ. á., þannig, að úrskurður sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu í því var staðfestur, þá var nú ekkert framar við mál þetta að gjöra.

Fleiri mál gátu eigi orðið tekin til umræðu á þessum fundi amtsráðsins.

B.

Fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 25.—30. d. janúarmánaðar 1878.

Fundurinn var haldinn á Akureyri af forseta ráðsins, amtmanni Christjánsson, með amtsráðsmönnum Einari Ásmundssyni og Jóni Sigurðssyni.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Voru rannsakaðir reikningar fyrir árið 1876 yfir sýsluvegagjaldið í Suður-Múlasýslu, Norður-Múlasýslu, Eyjafjarðarsýslu, Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu, og gjörðar við suma þeirra smávegis athugasemdir.
2. Yfirfarin og athuguð eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna í öllum sýslum umdæmisins, og fann amtsráðið ekkert sjerlegt athugavert við neina af þessum fundar-gjörðum sýslunefndanna.
3. Oddviti sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu hafði í brjefi dags. 24. ágúst f. á. færzt undan að leiðrjetta í sýslusjóðsreikningi, eptir fyrirmælum amtsráðsins, þann halla, er sýslusjóðurinn hefir beðið við það, að ekkert sýslusjóðsgjald hefir verið tekið af Fannlaugarstaðalandi og þrætuparti milli jarðanna Skálahnjúks og Skrapatungu, en báðar þessar lendur eru taldar með Skagafjarðarsýslu í jarðabókinni 1861. Byggði oddvitinn undanfærslu sína á því, að jarðeignir þessar mundu rjettara taldar með Húnavatnssýslu. En með því engin gild sönnun var fram komin fyrir því, að svo væri, og með því sýslusjóður Húnavetninga eigi heldur fær neitt gjald af tjeðum lendum, en ekkert jarðarhundrað í landinu er undanþegið sýslusjóðsgjaldi, þá gat amtsráðið ekki fallið á skoðun oddvitans og ítrekaði því hin fyrri fyrirmæli sín.
4. Var rætt um kostnaðinn við fjárkláðavörð þann, er settur var milli Suðurlands og Norðurlands næstliðið sumar. Eptir brjefi amtmannsins í vesturumdæminu og reikningum, er því fylgdu, var allur varðkostnaðurinn 2590 kr., og lagði amtmannurinn það til, að þessi kostnaður yrði greiddur bæði af vesturumdæminu og norður- og austurumdæminu eptir reglunum í 5. gr. tilskipunar 4. marz 1871, þannig, að helmingurinn væri greiddur af báðum jafnaðarsjóðunum, eptir tölu tíundbærra lausafjórðundr-

aða í hvoru amtinu fyrir sig, en hinn helmingurinn af fjáreigendum í þeim sýslum, **60**
sem næstar liggja kláðasvæðinu. Amtsráðið fjellst á tillögu amtmannsins í vestur- 10. marz.
umdæminu í þessu máli, og koma þá, eftir því sem tala rennur til, 942 kr. á jafn-
aðarsjóð norður- og austurumdæmisins, en 782 kr. á fjáreigendur í Húnavatns- og
Skagafjarðarsýslum.

5. Voru rannsakaðir sýslusjóðsreikningar fyrir árið 1876 úr Þingeyjarsýslu, Norður-
múlasýslu og Suðurmúlasýslu. Fann amtsráðið ekki ástæðu til að gjöra neinar at-
hugasemdir við þá.
6. Var samið yfirlit yfir fjárhag sýslusjóðanna í norður- og austurumdæminu árið 1876.
7. Landshöfðinginn hafði í brjefi dags. 5. okt. f. á. beiðzt tillaga amtsráðsins um það,
hvort veita ætti Snorra dýralækni Jónssyni styrk úr landssjóði til að framhalda rann-
sókn um dýrasjúkdóma hér í umdæminu. Einnig hafði Snorri sjálfur beiðzt þess, að
amtsráðið veitti sjer 464 krónur til endurgjalds kostnaði, er hann hafði haft af slik-
um rannsóknum, og þar að auki 400 kr., sem viðbót við laun sín næstliðið ár. Þar
sem nú amtsráðinu var ókunnugt um, hvort nokkur árangur hefði orðið af rannsóknum
þessum, og sýslunefndirnar í Múlasýslunum höfðu talið þær lítilsverðar, þá þótt-
ist amtsráðið að svo stöddu eigi geta veitt Snorra það, er hann beiddi um. Aptur
vildi amtsráðið ekki leggja móti því, að dýralækninum yrði veittur hæfilegur styrkur
úr landssjóði, einkum til þess að koma á prent ritgjörðum um dýrasjúkdóma hér á
landi.
8. Landshöfðinginn hafði sent amtsráðinu til umsagnar kæru frá oddvita hreppsnefndar-
innar í Vindhölishreppi yfir ályktun þess, er staðfesti úrskurð sýslunefndar Húnavetn-
inga um gangnatakverk milli Skrapatungurjettar og Landsendarjettar. Amtsráðið
álitir, að hver sýslunefnd hafi eftir sveitastjórnarlögunum æðsta og seinasta úrskurð-
arvald í öllum fjallskilamálum; og af þessari ástæðu hefir amtsráðið álitid, að úr-
skurður sýslunefndarinnar hlyti að gilda í máli því, er hér ræðir um.
9. Anna jungfrú Melsteð hafði í brjefi dags. 6. p. m. farið þess á leit, að fá styrk til
að veita ókeypis tilsögn í mjólkurmeðferð og ostagjörð næstkomanda sumar. Amts-
ráðið áleit það mjög vel til fallið og nauðsynlegt, að slik tilsögn gæti fengizt, og
vildi því kröptuglega mæla með því, að landshöfðingjanum mætti þóknast að veita
jungfrúnni hér umbil 200 króna styrk af fje því, sem í fjárlögunum, 10. gr. C 5. er
ætlað til að efla atvinnuvegina.
10. Var rannsakaður reikningur amtsbókasafnsins á Akureyri fyrir árið 1877. Sömu-
leidis rætt frumvarp um notkun bókasafnsins, og tillaga um, hvernig verja
skyldi tekjum safnsins þetta ár. Amtsráðið áleit nauðsynlegt, að setja fasta nefnd til
að sjá um bókasafnið og framkvæmdir þess, ásamt bókaverði, og kaus í nefndina
hjeraðslækni Þorgrím Johnsen, kandidat Jóhannes Halldórsson og verzlunarmann
Pjetur Sæmundsson. Með því amtsbókasafnið engan fastan sjóð á, og árstekjur þess
hrökkva varla til hinna allra brýnustu þarfa, en safnið á hinn bóginn á nú fram
undir 1000 bindi, er því hafa bætzt, síðan skrá yfir bækur þess var prentuð 1851, þá
afreði amtsráðið að snúa sjer til landshöfðingjans með þá beiðni, að hann vildi
veita styrk til að semja og koma á prent viðauka við bókaskrána, af fje því, er veitt
er í fjárlögunum til vísindalegra og verklegra fyrirtækja.
11. Amtsráðið samdi:

60

10. marz.

Áætlun

um gjöld og tekjur jafnaðarsjóðsins í norður- og austurumdæminu árið 1878.

Gjöld:

1. Til dóms- og lögreglumála	100 kr.	» a.
2. — gjafsóknarmála	100 —	» -
3. — sáttamála	50 —	» -
4. — heilbrigðismála (bólusetninga o. s. frv.)	150 —	» -
5. — kennslu heyrnar og mál-lausra	600 —	» -
6. — ferðakostnaðar embættismanna	100 —	» -
7. — kostnaðar við amtsráðið	150 —	» -
8. — varðkostnaðar gegn fjárkláðanum	1500 —	» -
9. — þriðju afborgunar af skuld sjóðsins fyrir fangahúsbyggingar	2124 kr. 67 a.	
og vaxta af 29745 kr. 33 a.	1104 — 83 -	3229 — 50 -
10. — óvissra útgjalda	893 — 98 -	
		6873 — 48 -

Tekjur:

- | | | |
|--|-------------|------|
| 1. Í sjóði frá fyrra ári | 844 kr. | 8 a. |
| 2. Niðurföfnun á lausafjárhundruðin í amtinu, 20 aurar á hvert | 6029 — 40 - | |
| | 6873 — 48 - | |
12. Var samið yfirlit yfir fjárhag þjóðvegassjóðanna í norður- og austurumdæminu árið 1876.
13. Voru rannsakadir reikningar búnaðarsjóðs umdæmisins fyrir næstliðin 2 ár. Eptir reikningunum voru 369 kr. 71 e. í sjóði við árslok 1877, og áleit amtsráðið, að þessu fje ætti að verja á yfirstandanda ári samkvæmt tilgangi sjóðsins. Nú með því amtsráðið vildi allt kapp á leggja, að fá Svein búfræðing Sveinsson eður einhvern annan búfróðan mann til að ferðast hjer um í sumar, til þess að leiðbeina mönnum í jarðyrkjjustörfum o. fl., þá hjelt amtsráðið, að eigi mundi veita af, að ætla fje þetta til þessa. En skyldi þessu áformi eigi geta orðið framgengt, var ákveðið, að 100 kr. þessa fjár skyldi varið til sljettunarverkfæra og skurðgraptarverkfæra, öðrum 100 kr. til styrktar til að læra að höggva stein, og afganginum til annara þarflegra fyrirtækja, búnaðinum til eflingar.
14. Að síðustu framlagði forseti til álita bónarbrjef frá Þorgrími hjeraðslækni Johnsen, þar sem hann beiðist 50 króna þóknunar af landssjóði fyrir að kenna einni yfirsetukonu fæðingarfræði. Vildi amtsráðið gefa sín beztu meðmæli með því, að læknum yrði veitt þessi þóknun, þar sem það áleit hana sanngjarna og hæfilega.

Feiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Akureyri, 10. marzmánaðar 1878.

Christiansson.

- 61** — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skilning á lækna-
 13. apríl. skólareglugjörð 9. ágúst 1876. — Í þóknanlegu brjefi 11. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, beiðzt úrskurðar ráðgjafans um það, hvort, og þá með hvaða skilyrðum, veita megil lærisveini, er hefir gjört sig sekan í óreglu þeirri, er getur um í 5. gr. í reglugjörð fyrir lækna skólann í Reykjavík 9. ágúst 1876, og þess vegna hefir verið vísað burt úr skólanum, inntöku í skólann aptur, eptir að hann um lengri tíma, sem nánara